

		Kr. A.
a. Í rikisskuldabréfum	1500 kr.	
b. Í skuldabréfum einstakra manna	8530 — 10030kr. » a.	
c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1878	90 — 52 -	10120 52
2. Leiga af vaxtafje sjóðsins		401 20
	Tekjur alls	10521 72
	Gjöld.	Kr. A.
1. Skuld til reikningshaldara við árslok 1878		141 28
2. Veitt verðlaun fyrir jarðabætur:		
a. Guðna Jónssyni á Dúnkurbakka	100 kr.	
b. Jóni Jónssyni í Dældarkoti	25 —	
c. Snorra Jónssyni á Teigi	25 —	
d. Jóni Einarssyni á Hólum	25 —	175 "
3. Greitt á þessu ári til þess að koma á fót kennslustofnun í jarðyrkju og búfræði hjá Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal eptir ályktun amtsráðsins 17. júní 1879		67 "
4. Eptirstöðvar við árslok 1879:		
a. Í rikisskuldabréfum	1500 kr. » a.	
b. Í skuldabréfum einstakra manna	8530 — " -	
c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1879	46 — 52 -	
d. Í peningum hjá reikningshaldara	61 — 92 -	10138 44
	Gjöld alls	10521 72

Reykjavík 29. september 1880.

Bergur Thorberg.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um uppbót á prestakölli-* **153**
16. sept.
um. — Með þóknanlegu brjefi frá 26. júlí síðastl. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá biskupnum yfir Íslandi, þar sem hann leggur það til, að af 700 kr. upphæð þeirri, sem hinn setti prestur að Odda prestakalli í Rangárvallasýslu á að greiða í landssjóð fyrir yfirstandandi fardagaár af tekjum prestakallsins, megi veita Stóruvalla og Holtápinga prestaköllum í sama prófastsdæmi 300 kr. hinu fyrnefnda og 200 kr. hinu síðara eða að minnsta kosti 100 kr. hverju um sig.

Þjer hafið, herra landshöfðingi, um þetta mál tekið það fram, að lögin frá 27. febrúar þ. á. um skipun prestakalla gangi út frá því, að gjaldi því, sem greiða skal í landssjóð af hinum stærri prestaköllum, þegar þau losna, verði ekki varið til uppbótar neinum einstökum tilteknum brauðum, og hafi því nefnt erindi biskupsins ekki getað orðið tekið til greina. Aptur á móti hafið þjer skotið því til úrslita ráðgjafans, hvort verja megi til uppbótar fátækustu brauðum landsins auk þeirra 700 kr., er þar til eru ákveðnar í fjárlögnum, þeim 700 kr. og 600 kr. upphæðum, sem þjer áskilduð, þá er settir voru prestar til að þjóna Odda og Hólma prestaköllum, að greiddar skyldu í landssjóð af tekjum þessara prestakalla þetta fardagaár. Enn fremur getið þjer þess, að eins og gjört hafi verið ráð fyrir því, að breytingar þær, sem alþingið samþykkti á frumvarpi því, sem fyrir það var lagt um skipun prestakalla, skyldu eigi valda landssjóði verulegs kostnaðar, þegar þær væru að öllu leyti komnar í kring, þannig hafi það að ætluu yðar ekki verið tilgangurinn, að landssjóðurinn, meðan á breytingunni stæði, skyldi

153 hafa nokkurn hagnað af þeim, en af því megi aptur álykta, að umbódsstjórnin sje rjett-
 16. sept. bær til innan takmarka þeirra, sem lög 27. febr. þ. á. setja, að ráðstafa þeim upphæð-
 um, sem eiga að renna í landssjóð frá hinum störrri prestaköllum, þegar þau verða laus,
 á sama hátt og fje því, sem veitt er í fjárlögnum til bráðabirgðauppþótar fátækustu
 brauðnum.

Út af þessu vill ráðgjafinn þjónustusamlega tjá yður, herra landshöfðingi, til
 þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að þar eð veitt er í fjárlögnum tiltekin upp-
 hæð 700 kr. fyrir fjárhagstímabilið til bráðabirgðauppþótar fátækustu brauðum á Íslandi,
 verður ráðgjafinn að vera á þeirri skoðun, að eigi sje heimild til að greiða úr landssjóði
 frekari uppþótar í þessum tilgangi, og þar eð það í þessu efni ekki getur gjört neina
 breytingu, að hinar umræddu 1300 kr. eru fengnar landssjóði til handa með því að
 rýra tekjur hinna tveggja framannefndu prestakalla, sem laus eru í ár, þá verður ráð-
 gjafanum að þykja það ísjárvert að leyfa, að hinni nefndu upphæð sje varið á þann
 hátt, sem farið er fram á.

154 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eptirlaun presta.* —
 16. sept. Hinn 9. júlí síðastliðna hafð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað brjef frá biskupinum
 yfir Íslandi, þar sem hann hefir tekið fram þær ástæður, sem hann ætlar að mæli
 með því, að 2. gr. í lögum frá 27. febrúar þ. á. um eptirlaun presta eigi að skiljast á
 þann hátt, að þegar eptirlaun presta sjeu útreiknuð, skuli þau ár, sem hann kunni að
 hafa þjónað sem aðstoðarprestur, reiknast með honum í hag sem þjónustuár. Gæti þessi
 skilningur ekki komizt að, hefir biskupinn farið þess á leit, að frumvarp í slíka átt yrði
 lagt fyrir næsta alþingi.

Við þetta tækifæri hafð þjer látið það álit yðar í ljósi, að það hvorki muni vera
 samkvæmt almennum grundvallarreglum nje hinum ofannefndu ákvörðunum eptirlauna-
 laganna, að telja þann tíma sem hlutaðeigandi prestur hefir þjónað sem aðstoðarprestur
 sem einn hluta af embættistíma hans, þegar ákveða skal eptirlaunin, þar eð hann, meðan
 hann var í aðstoðarprestsstöðu, ekki hafi getað skoðast sem embættismaður í eiginlegum
 skilningi, en eptirlaunarjetturinn sje þó einmitt bundinn við það. Þar sem því sjerstaka
 lagaheimild þurfi til, að reikningsaðferð þeirri, sem að ofan er bent á, verði fylgt, hafð
 þjer mælt með þeirri tillögu biskups, að slík lagaheimild verði útveguð.

Út af þessu skal eigi á frest slegið þjónustusamlega að tjá yður, herra lands-
 höfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn verður að vera
 yður samdóma um, að í eptirlaunalögnum frá 27. febr. þ. á. sje engin heimild til að
 reikna með þau ár, sem sá eða sá prestur hefir þjónað sem aðstoðarprestur, þegar til á-
 lita kemur um eptirlaun hans, en að hins vegar finnist engin ástæða til að fá lögnum
 breytt í þá átt, sem mundi vera gagnstæð þeim grundvallarreglum, sem almennt er farið
 eptir við útreikning eptirlauna handa embættismönnum.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 25. október var presturinn að Blöndudalshólum sira Markús Gíslason skipaður
 prestur að Fjallalþingum: Víðirhóls og Möðrudalssóknum í Suður-Þingeyjar prófastsdæmi frá fardögum
 1881 að telja.